

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/55/23

frá 13. júní 2014

## um breytingu á ákvörðun 2007/742/EB um rafknúnar eða gasknúar varmadælur eða gasisogsvarmadælur

(tilkynnt með númeri C(2014) 3838)

(2014/363/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Loft í vatn, saltvatn í vatn og vatn í vatn varmadælur sem veita varma til vatnshitakerfis falla undir gildissvið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/314/ESB frá 28. maí 2014 um viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir hitara fyrir vatnshitakerfi <sup>(2)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúar varmadælur eða gasisogsvarmadælur <sup>(3)</sup> fellur úr gildi 31. október 2014.
- 3) Unnið hefur verið mat til að leggja mat á mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með þessari ákvörðun. Með tilliti til þess á hvaða stigum þessi ákvörðun er stödd í endurskoðunarferlinu er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í henni. Framlengja ætti gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun, sem settar eru fram í ákvörðun 2007/742/EB, til 31. desember 2016.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2007/742/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/742/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi c-liður bætist við þriðju málsgrein 1. gr.:

„c) varmadælur sem veita varma til vatnshitakerfis.“

2. Í stað „31. október 2014“ í 4. gr. komi „31. desember 2016“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 177, 17.6.2014, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 83.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Janez POTOČNIK

*framkvæmdastjóri.*

---